

Nd.

134. Nefndarálit

[2. mál]

um frv. til 1. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í 1.—4. gr. þessa frv. eru ákvæði um framlengingu á heimild ríkisstjórnarinnar til að innheimta með viðauka ýmis gjöld til ríkissjóðs og til að fella niður aðflutningsgjöld af nokkrum vörutegundum. Samhljóða ákvæði hafa undanfarið verið framlengd fyrir eitt ár í senn, og mæli ég með því, að svo verði einnig gert að þessu sinni.

Í fyrri málslið 5. gr. frv. er lagt til, að enn á næsta ári skuli innheimta viðbótarsöluskatt af innfluttum vörum, en skattur þessi var fyrst tekinn í lög árið 1960. Er þetta í þriðja skiptið, sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir framlengingu skattsins. Um þetta ákvæði frv. er ágreiningur í fjárhagsnefndinni.

Frumvarp þetta hefur þegar hlotið afgreiðslu í hv. efri deild. Í nefndaráliti á þingskjali 75 hefur fulltrúi Framsóknarflokksins í fjárhagsnefnd þeirrar þingdeildar, Karl Kristjánsson, rakið sögu viðbótarsöluskattsins, og vísa ég til þess, er þar segir.

Viðbótarsöluskatturinn er þáttur í efnahagslegum ráðstöfunum núverandi ríkisstjórnar og stuðningsflokka hennar. Þær ráðstafanir hafa aukið dýrtíðina ákaflega og valdið stórfelldum hækkunum á ríkisútgjöldum, tollum og sköttum.

Ég legg til, að ákvæðið um framlengingu viðbótarsöluskattsins verði fellt úr frumvarpinu. Sú tillaga felur í sér mótmæli gegn aðgerðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Samkvæmt framansögðu er það tillaga mín, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

5. gr. orðist svo:

Lög nr. 90/1961, um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum, skulu gilda til ársloka 1963.

Alþingi, 21. nóv. 1962.

Skúli Guðmundsson.